

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhapp-
drætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.**

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 1 440,00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 120,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1985.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 604 8. ágúst 1983.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. september 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 56 19. maí 1961 um tollvörugeymslur
með síðari breytingum.**

1. gr.

2. og 3. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 26. gr. laga nr. 47 frá 11. júní 1960 um tollvörugeymslur o. fl. til að öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 28. september 1984.

Albert Guðmundsson.

Sigurgeir A. Jónsson.